

## Stafræn kúabú

# 03

Kúabúskapur framtíðarinnar snýst um að fá og nýta upplýsingar sem gera líf þitt auðveldara, hjörðina heilbrigðari og búskapinn arðbærari.

## Um Lely Horizon

# 05

Stuðningur við ákvarðanatöku þar sem upplýsingar eru teknar saman sem auðvelda þér notkun Lely-sjálfvirkni og bæta búreksturinn.

## Hvers vegna að velja Lely Horizon?

# 06

Nýja bústjórnunarforritið okkar setur ný viðmið. Hér verða helstu atriðin útskýrð.

## Pakkarnir

# 09

Hægt er að fá Lely Horizon-hugbúnaðinn í tvenns konar pökkum: Control-pakka og Advance-pakka. Sjáðu hvor þeirra hæfir þér betur.

## Auðvelt og gagnsætt

# 10

Sjáðu hvernig þú átt að stjórna áskriftinni og hversu skýrir reikningarnir eru fyrir hverja kú.

# Lely Horizon

## Bústjórnunarforrit









*Búskapur  
með nýjustu tækni*







733 Clara







## Stafræn kúabú

Heimurinn breytist sífelldu hraðar. Það á einnig við um kúabúskapinn. Lykilorðin eru „upplýsingar“ og „stafræn þróun“. Þetta býður bæði upp á áskoranir og tækifæri.

Ímyndaðu þér hversu miklar upplýsingar verða til á nútíma kúabú. Tökum Lely Astronaut-mjaltþjóninn sem dæmi. Hinir fjölmörgu skynjarar mjaltþjónsins safna saman geysilegu magni upplýsinga um mjólkurgæði, heilbrigði kúa, jórtur, skilvirkni fóðrunar og margt fleira, bæði um hjörðina í heild og fyrir hverja kú, og allt niður í upplýsingar um mjólkina úr hverjum spena fyrir sig.

Það segir þó ekki alla söguna. Annar búnaður eins og sjálfvirk fóðurkerfi - til dæmis Lely Vector - veitir einnig ýmsar upplýsingar. Og hvað með aðra hlekki í keðjunni, svo sem fóðurráðgjafa, sæðisbirgja og dýralækna? Þeir hafa einnig upplýsingar um búið og hjörðina. Þetta skiptir allt mjög miklu máli. En hvernig getum við nýtt þessar upplýsingar?

Það er kominn tími til að nýta gögnin sem best og greina allar upplýsingar sem máli skipta með snjöllum hætti. Það er kominn tími til að samtengja allan búnað á bænum við birgjana þína. Til þess notum við snjöll reiknirit og tengingar, sem og skýjaþjónustu og breytum öllum gögnum í notendavænar upplýsingar sem að lokum er hægt að nýta til að fá góð ráð.

Lely Horizon-hugbúnaðurinn gerir þetta allt. Hann gerir bændum kleift að ná fram meiri skilvirkni og betri stjórn, sem aftur auðveldar þeim að ná markmiðum sínum.





Sven Klingemann, Neustadt

# Fyrsta reynslan í Þýskalandi

Sven Klingemann (37) rekur kúabú ásamt fjölskyldu sinni í Neustadt, Neðra-Saxlandi, nálægt Hannover. Á búinu sinna fjórir Lely Astronaut-mjaltþjónar 240 kúm. Enn fremur hefur Lely Vector-fóðrunarkerfi verið sett upp.

„Því fleiri gripi sem þú ert með þeim mun áhrifaríkara er að hafa rekstarkerfi sem hægt er að nota í snjalltækjum. Við spörum töluverðan tíma á hverjum degi.“

„Í Horizon-hugbúnaðinum eru allar aðgerðir samþættar, til dæmis stillingar Lely Vector. Nú er ég með alla eiginleika og kerfi í einu forriti.“

„Forritið kemur með ýmsar ábendingar, eins og hvaða kúr ættu næst að fara í geldstöðu eða hvaða kúr þurfa sérstaka athygli.“

**„Þetta léttir töluvert á álaginu þegar mikið er að gera.“**

„Hugbúnaðurinn kemur með mjög gagnlegar tillögur sem ég þarf ekki að sjá fyrir sjálfur.“





## Við kynnum með stolti ... *Lely Horizon*

Það er ekki alls kostar rétt að kynna Lely Horizon-hugbúnaðinn sem nýja bústjórnunarkerfið okkar því hann er svo miklu meira en bara bústjórnunarkerfi. Hann færir bústjórnina þína inn í framtíðina. Horizon-hugbúnaðurinn er einstakt kerfi.

Hann gefur þér færi á að spá fyrir um afköst með hliðsjón af fyrirbyggjandi upplýsingum og veitir þér skýra valkosti til að hámarka nýtingu. Til dæmis gefur kerfið greinilega til kynna byrjunareinkenni súrdoða hjá kúm. Þegar mjólkurkýr finna til súrdoða skilar meðferð á byrjunarstigi sér í beinum fjárhagslegum ávinningi.

Stafræn þróun nýttist þér nú sem aldrei fyrr. Daglegar venjur og reglubundin verk byggð á skráningu kúa skila sér í rökrænum og skilvirkari vinnuferlum. Kerfið býður upp á gagnlegar upplýsingar á réttum tíma og réttum stað.

Þörf á samstillingu mismunandi forrita frá birgjum þínum heyrir brátt sögunni til. Horizon-hugbúnaðurinn getur tengst hugbúnaði birgja, dýralækna, sæðingastöðva og annarra

utanaðkomandi aðila. Með því að sameina upplýsingar um einstaka kýr frá mörgum gagnagjöfum verða upplýsingarnar enn verðmætari.


Að auki er Horizon-hugbúnaðurinn einstaklega notendavænn. Allar upplýsingar eru aðgengilegar með sambærilegu viðmóti á öllum tækjunum þínum, hvort sem þú notar tölvumús eða snertiskjá.



# Búskapur með nýjustu tækni

Nýja bústjórnunarforritið okkar setur ný viðmið. Lely Horizon-hugbúnaðurinn er næsta skrefið í átt að bjartri framtíð tæknivæddra kúabúa.

## Helstu atriðin útskýrð.



### Stuðningur við ákvarðanatöku

Lely Horizon-hugbúnaðurinn notar snjallreiknirit sem byggð eru á reynslu þúsunda kúabænda. Forritið gefur þér færi á að spá fyrir um afköst með hliðsjón af fyrirliggjandi upplýsingum og veitir þér skýra valkosti til að hámarka nýtingu. Þú hefur enn betri stjórn á hjörðinni.

#### Helstu eiginleikar

- **Ábending um súrdoða og ráðleggingar um meðferð**  
Kerfið gefur greinilega til kynna byrjunareinkenni súrdoða hjá kúm.
- **Ráðgjöf**  
Stuðningur við ákvarðanatöku byggður á gögnum um hvort réttur tími er til sæðingar.




### Aðlagður búrekstur

Dagleg störf verða skilvirkari ef þú þarft ekki sífellt að taka ákvarðanir um venjubundin verk. Verklæðið verður enn betra þegar þú færð gagnlegar upplýsingar á réttum tíma og réttum stað.

#### Helstu eiginleikar

- **Stuðningur með skráningu kúa**  
Innbyggð venjubundin verk byggð á tímasettri skráningu kúa skilar sér í rökrænum og skilvirkari verkferlum.
- **Vinna byggð á verkefnum (sérsniðin)**  
Þú hefur beint aðgengi að daglegum venjubundnum verkum og nauðsynlegum aðgerðum til að sérsníða þína vinnu.



### Tenging og sameining

Sameinar og greinir gögn frá Lely-búnaði fyrir hverja kú fyrir sig, sem og upplýsingar frá þriðja aðila, og sýnir þér þessi gögn með þeim hætti sem nýtist þér best.

#### Helstu eiginleikar

- Eitt miðlægt svæði fyrir bústjórnunarupplýsingar

Engin þörf á að skipta milli skjámynda og forrita frá mismunandi birgjum.

- Samsett gögn bjóða upp á nákvæma innsýn

Gefur innsýn með því að greina samsetningu innri og ytri upplýsinga frá hverri kú fyrir sig.



### Auðveldur í notkun

Lely Horizon-hugbúnaðurinn er einstaklega notendavænn. Notendaviðmótið er þægilegt og veitir skjóttan aðgang að öllum nauðsynlegum upplýsingum. Auðvelt að læra og frábært í notkun.


#### Helstu eiginleikar

- Eitt notendaviðmót fyrir skrifstofuna og farsímamann

Sambærileg sérsniðin stjórnborð og ráðleggingar þar sem þú vilt og þegar þú þarft á því að halda.

- Kennsla og aðstoð í rauntíma

Innbyggt kennsluefni og þjálfun á netinu. Aðstoð í rauntíma frá sérfræðingum á hverjum stað.





# Skoðanir bænda á Lely Horizon

Á prófunartímabilinu söfnuðum við saman tilvitnunum frá þátttakendum okkar. Þessar tilvitnanir sýna vel hvaða þýðingu Horizon-hugbúnaðurinn hefur fyrir þá í daglegum störfum.

„Horizon-hugbúnaðurinn gaf mér ábendingu um að ein kýrin væri líklega með súrdoða **og veitti ráðleggingar um meðferð**. Þegar ég kannaði málið sá ég merki um súrdoða hjá kúnni. Ég hóf strax ráðlagða meðferð.“

„Í morgun hafði ég áætlað að framkvæma nokkrar sæðingar. **Þegar ég athugaði málið í Horizon-hugbúnaðinum sá ég að samstarfskona mín** hafði þegar lokið við verkið. Ábendingar um hvað gera ætti næst komu fram á stjórnborðinu.“

„Það var alls ekki erfitt að læra á Horizon-hugbúnaðinn. Ég var ekki viss hvernig sækja ætti skýrslu um kú, en innbyggði hjálpareiginleikinn kom þá að góðu gagni. Að auki er **viðmót og virkni alltaf sambærileg**, hvort sem ég er að vinna í tölvunni minni, spjaldtölvunni eða snjallsímanum!“

„Eftir að við breyttum fóðurskömmtunum eru kýrnar okkar hraustari og mjólka betur. Með Horizon-hugbúnaðinum getum við **fylgst í rauntíma með fjárhagslegum áhrifum skammtabreytinga**.“

„Í síðustu viku fór ég burt einn dag með eiginmanni mínum og börnum. Ég skildi búið eftir í höndum aðstoðarmanns míns því ég vissi **að ég gæti alltaf aðstoðað hann í gegnum Horizon-hugbúnaðinn ef á þyrfti að halda**. Ég hef allar upplýsingar við hendina.“



## Sífelld framþróun

Kúabóndi þarf að geta treyst búnaðinum sínum.

Það á ekki síst við um bústjórnunarkerfið sem notað er. Þessar tölur veita þér innsýn í þá fyrirhöfn og umhyggju sem Lely hefur lagt í þróun og prófanir á Lely Horizon-hugbúnaðinum. Sífelld framþróun.

**100** bændur prófuðu hugbúnaðinn í tvö ár

í **7** löndum í 3 heimsálfum



**75**

Verkfræðingar  
Hönnuðir  
Búfræðingar  
Sérfræðingar í gervigreind

Ásamt teymi starfsmanna  
**120** Lely

Stuðst við þekkingu  
**18.000**  
bænda víðsvegar um heiminn

**300.000** sæðingar á mánuði skoðaðar

**2 milljónir** kálfa á ári



**5,5 milljón** mjaltir með Lely Astronaut skoðaðar á hverjum degi



**2.007.500.000** mjaltir með Lely Astronaut á hverju ári



yfir **25** ára reynsla af lærdómsferli mjaltabjóna



og við erum hvergi nærri hætt þróunin heldur áfram

# Pakkarnir\*

## Hægt er að fá Lely Horizon-hugbúnaðinn í tvenns konar pökkum


### Lely Horizon Control-pakkinn

Sparaðu tíma, vertu hreyfanlegri á býlinu og í næsta nágrenni, og njóttu kostanna sem felast í sjálfvirkni gagna. Láttu Lely Horizon-hugbúnaðinn hugsa fyrir þig og umbreyttu starfinu í rökræn verkefni, um leið og þú nýtir þér grunneiginleika forritsins til ítarlegri greiningar þegar þér hentar.

### Lely Horizon Advance-pakkinn

Gerðu búskapinn betri og sparaðu enn meiri tíma með snjöllum reikniritum sem greina fyrir þig gögn og þróun. Þegar mikið liggur við færð þú góð ráð sem gera þér kleift að bregðast fljótt við og grípa til rétttra aðgerða. Spár á stjórnborðinu sýna líklegar niðurstöður, sem auðvelda þér að stefna á átt að langtímamarkmiðum þínum.

\*Hafðu samband við þína Lely Center-miðstöð varðandi framboð á þínu svæði.



### Advance Control

#### Umsjón

- Sérniðanlegt stjórnborð með frammistöðuvísu
- Sérniðanlegar skýrslur
- Gripaspjald
- Frávik á kú
- Spá um nyt

#### Heilsufar

- Heilsufarsskýrsla
- Mjólkurhiti
- Frumutalning (MQCC2)
- Þyngd
- Eftirlit með jórtri
- Ráð um meðferð við súrdoða

#### Mjaltir

- Innihaldsefni mjólkur
- Sérniðin aftaka
- Finnur bestu stillinguna á undirbúningi mjalta
- Finnur bestu stillinguna á tíma á milli mjalta
- Ráð til að fækka misheppnuðum mjöltum

#### Griparékt

- Sjálfvirk skráning á beiðslum
- Frjósemisgreining
- Sjálfvirk staðfesting á fangi
- Ráðgjöf

### Advance Control

#### Fóðrun

- Átvöktun
- Fóðurgangur
- Blandaður skammtur í Vector
- Besta nýting kjarnfóðurs

#### Verkferlar

- Skráningar á hópum
- Notendaumsjón
- Venjubundin verkefni
- Fangskoðun
- Yfirlit yfir beiningu
- Meðferðaráætlanir
- Vaktastjórnun
- Staðsetning kúa
- Tilkynningar og viðvaranir
- Viðvaranir fyrir síló

#### Tengingar

- Sjálfvirkar uppfærslur
- Lucy Chat-spjall
- Ráð frá þriðju aðilum
- Borðtölva/fartölva
- Snjallsími og spjaldtölva (bráðlaust net/4G)
- Yfirlit yfir tengd tæki
- Staðbundin gagnaskipti og gagnaskipti í skýi



# Áskriftin þín\*

## Auðvelt og gagnsætt

Lely Horizon-hugbúnaðurinn verður fyrir alla bændur sem nota sjálfvirkt Lely Astronaut-mjaltakerfi (nema A2) eða sjálfvirkt Lely Vector-fóðrunarkerfi.

### Þú ert alltaf við stjórnvölinn

Sem nýr notandi getur þú skráð þig í Lely-gáttina með upplýsingunum sem þú færð frá Lely Center-þjónustumiðstöðinni þinni. Að skráningu lokinni færð þú aðgang að Lely Horizon-hugbúnaðinum á tölvunni þinni og í snjallsímanum. Í Lely-gáttinni getur þú skoðað og breytt áskriftargögnunum þínum hvenær sem er. Þannig ert þú alltaf við stjórnvölinn.

### Greitt fyrir hverja kú

Áskriftarkostnaðurinn verður reiknaður með stafrænum hætti og byggist á fjölda mjólkandi kúa í kerfinu. Á þennan hátt er kostnaðurinn við bústjórnunarforritið beintengdur tekjum kúabúsins. Lely reiknar áskriftargjaldið mánaðarlega.

### Prófaðu og veldu

Pakkarnir eru ekki á sama verði. Eftir skráningu fá nýir notendur sjálfkrafa aðgang að Horizon Advance-pakkanum. Þú getur prófað umfangsmikla Advance-pakkann án endurgjalds í ákveðinn tíma. Þannig getur þú áttáð þig á hvort hann mætir þörfum þínum.

Við sendum þér áminningu fyrir lok þessa tímabils.

Þú getur skipt um pakka í Lely-gáttinni hvenær sem er.

\*Hafðu samband við þína Lely Center-miðstöð varðandi framboð á þínu svæði.



Velkomin(n) í Lely-gáttina,  
skráðu þig inn hér

Netfang

Aðgangsorð

[Ég gleymdi aðgangsorðinu mínu](#)

Hafa mig innskráða(n)

Skrá inn

[Ertu ekki með áskrift? Skráðu þig núna](#)

# Hvernig þú getur fengið Lely Horizon-hugbúnaðinn

Fáðu sýniútgáfu af Horizon-hugbúnaðinum eða prófaðu forritið sjálf.

Farðu á [lely.com/horizon](http://lely.com/horizon) til að fá frekari upplýsingar eða hafðu samband við Lely Center-miðstöðina á þínu svæði.

